DV
Frjálst, óháð dagblað

MIÐVIKUDAGUR 23. ÁGÚST 1995

## Stolna skútan dregin til Reykjavíkur:

# Frakkarnir færðir í land

- sjá baksíðu



### Skiptökumálið:

## Yfirheyrslur í dag

Varðskipið Ægir kom með seglskútuna Söru í togi til hafnar í Reykjavík í morgun. Ægir sigldi á eftir skútunni að beiðni RLR í fyrradag eftir að upp komst að fyrrum eigandi hennar hafði við annan mann tekið hana ófrjálsri hendi þar sem hún lá við bryggju í Reykjavík. Stöðvaði varðskipið för skútunnar í hádeginu í gær þar sem hún var stödd tæplega 70 mílur suður af Selvogi. Voru skipverjar fluttir um borð í varðskipið með léttbáti og verða þeir yfirheyrðir hjá RLR í dag.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn hjá RLR, bjóst ekki við að málið yrði flókið viðfangs. Farið yrði með það sem hvert annað þjófnaðarmál.

Skútuna missti annar skiptökumaðurinn á uppboði hér á landi fyrir þremur árum vegna vanskila. Hefur hann allt þar til hann tók skútuna í fyrradag reynt að fá skútuna aftur eftir löglegum leiðum en án árangurs. -pp

Varðskipið Ægir kom til hafnar í morgun með tvo franska menn sem tóku skútuna Söru ófrjálsri hendi í Reykjavíkurhöfn aðfaranótt mánudags. Varðskipsmenn fóru um borð í skútuna í gærdag, fluttu mennina um borð í varðskip og drógu skútuna síðan til hafnar. Samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslu gekk ferðin vel en yfirheyrslur yfir mönnunum fara fram í dag. DV-mynd Brynjar Gauti